Skógrækt ríkisins
skógarvörðurinn á Suðurlandi

Ársskýrsla 1945.

# Skýrsla
## um skógræktina á Suðurlandi árið 1945.

**Girðingar:** Girt var 800 m. löng gaddavírsgirðing við Bleiksárgljúfur, í landi Árkvarnar. Aðrar girðingar voru lagfærðar og haldið við eftir föngum.

**Byggingar:** Á Tumastöðum var byggt íbúðarhús úr steinsteypu 8 x 12 m., en því var ekki að fullu lokið um áramót. Einnig var þar byggt verkfæra og bifreiðahús 9 x 10 m. en því var heldur ekki lokið, en verður sennilega klárað fyrir vorið.

**Framræsla:** Á Tumastöðum voru grafnir um 525 m. af opnum skurðum 2 m. djúpum og 1700 m. af venjulegum hnausalokræsum 1.20 m. djúp. Gerðir voru um 3400 m. af lokræsum með lokræsaplóg 0.90 m. djúpir. Plógurinn var dreginn af beltisdráttarvél TD 6. Um árangur af þeim er ekki hægt að segja að svo komnu, en fullt útlit er fyrir góðum þurrki í landinu

**Skógarhögg:** Sex bílfarmar af birki voru höggnir í Húsadal og fluttir að Tumastöðum. Viðnum var raðað niður í lokræsi til samanburðar á móti hnausalokræsum.

__Bifreiðar:__ Tvær vöruflutninga bifreiðar voru keyptar á árinu, svo og jeppabifreið handa skógarverði til að ferðast á.

__Gróðurreiturinn í Múlakoti:__

Sáð var í reitinn. Birkifræi í 110 m²
— — — Reynifræi - 186 —
— — — Grenifræi - 73 —

Græðlingar voru seldir af Þingvíði 2500 st.
— — — — Fagurvíði 300 —
— — — — Vesturbæjarv. 100 —
— — — — Sólbergjum 700 —
— — — — Rifsi 900 —
Samt. 4500 st.

Settir voru niður aspar og víðigræðlingar frá Alaska, en þeir voru mjög þurrir er þeir komu og rættust því ekki nema fáir.

Dreifplantað var. Birki 41.000 st.
— — Reynir 10.100 —
— — Silfurreynir 688 —
— — Sitkagreni 5875 —
Samt. 57.633 st.

Plöntur seldar og afhentar.

| | | |
|---|---|---|
| Reynir | 10.000 | st. |
| Birki | 2.500 | — |
| Þingv. | 1.600 | — |
| Fagurv. | 100 | — |
| Rifsi | 500 | — |
| Sólberjum | 800 | — |
| Vesturbæjarv. | 900 | — |
| Furu | 2000 | — |
| Gráreynir | 900 | — |
| Viðju | 130 | — |
| Samt. | 19.430 | st. |

Plantað var 2000 st. af skógarfuru á Tumastöðum í brekkuna norð-austur af bænum.

__Ferðir:__ Síðast í júní fór ég ásamt skógræktarstjóra og Steindóri Steindórssyni ferð í Þjórsárdal, til að athuga gróður og uppblástur. Farið var um mest allan dalinn. Gróður fer ört vaxandi þar sem á annað borð er komið nokkuð. Farið var upp á Búrfell í bifreið (jeppa) og horfðum yfir Landsveit. Uppblástur þar er mikill og leitt til þess að vita að gróið land skuli hafa verið á öllu því flæmi, sem nú er hraun og berir sandar.

Í september fór ég austur á Síðu, samkvæmt bréfi frá formanni Skógræktarfél. Mörk Siggeiri Björnssyni til að athuga möguleika á að girða skógarleifar í Holtsdal. Skógur er þar lítill, ~~en~~ kjarr á dálitlu svæði í snarbrattri brekku norðvestan í móti. Flutningur á girðingarefni þangað er ill mögulegur og vont girðingarstæði, enda verður sennilega horfið frá að girða þar að svo stöddu.

Að Laugarvatni fór ég í haust til að athuga skóg og girðingu. Um skóginn fór ég með Guðmundi Ólafssyni kennara. Skógurinn er eftir vonum, en girðinguna þarf alla að lagfæra og sumt að girða að nýju.

Stuttar ferðir voru farnar á Þórsmörk. Aðallega til að líta eftir ferðafólki, sem mjög er farið að fara þangað og gengur miðjafnlega vel um skóginn.

Fræsöfnun: 70 kg af birkifræi var safnað á Þórsmörk í haust. Svolítlu var safnað í Skarfanesi (Lambhaga) og Þjórsárdal. Fræið var vel þroskað, en lítið af því.

Tumastöðum 15. febr. 1946

Garðar Jónsson